

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-26/2016:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 29. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess aðallega riftunar auk skaðabóta, en til vara skaðabóta.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 13. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 27. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 9. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 22. september 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 590.000. Var bifreiðin af gerðinni Peugeot 206, árgerð 2005, fyrst skráð 1. september 2005 og hafði á kaupdegi verið ekið 88.000 km. Þegar álitsbeiðandi ók bifreiðin heim til sín frá bílasölu þeirri þar sem kaupin fóru fram, kviknaði vérlarljós í mælaborði hennar. Fékk álitsbeiðandi tíma hjá umboðsverkstæði fyrir bifreiðina og í skoðun þess, sem fór fram hinn 13. október 2015, kom í ljós að tölvulestur benti til þess að hvarfakútur væri bilaður. Fyrir tölvulesturinn greiddi álitsbeiðandi kr. 7.688, en í kjölfarið var gert við hvarfakútinn og greiddi álitsbeiðandi kr. 60.761 fyrir þá viðgerð hinn 21. október 2015. Segist álitsbeiðandi hafa haft samband við bifreiðasalann hafði milligöngu um kaupin um leið og vérlarljósið kviknaði, þ.e. á kaupdegi. Sá hafi sagt að lítið væri hægt að gera í svona málum. Um miðjan desember sl., þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 1.200 km frá kaupum, hætti hún að fara í gang. Var gert við bifreiðina á umboðsverkstæði hinn 15. janúar þar sem skipt var um kerti og síur hreinsaðar, og greiddi álitsbeiðandi kr. 44.968 fyrir viðgerðina. Þegar þessi viðgerð fór fram fékk álitsbeiðandi afrit af sögu bifreiðarinnar hjá umboðsverkstæði og fékk þá upplýsingar um að hinn 13. ágúst 2015, þ.e. um 5 vikum fyrir kaupin, hafi bifreiðin komið á verkstæðið vegna vérlarljóss. Bilanagreining hafi bent á hvarfakút, en í stað viðgerðar virðist hafa verið ákveðið að „þurrka ljósið út“. Í kjölfar þessa hafði álitsbeiðandi aftur samband við bifreiðasala og loks seljanda, sem bauð sátt upp á kr. 20.000. Segist álitsbeiðandi ekki hafa tekið því boði. Í lok janúar bilaði bifreiðin aftur og var það þá vegna háspennukeflis og nam kostnaður álitsbeiðanda vegna viðgerða á því kr. 70.000, en engar kvittanir liggja fyrir vegna þeirra viðgerða. Segir álitsbeiðandi að hann hafi því greitt kr. 183.449 í viðgerðir á bifreiðinni á innan við 6 mánuðum frá kaupdegi og eftir aðeins 1.200 km akstur. Krefst álitsbeiðandi þess aðallega að kaupunum verði rift, auk þess sem seljandi endurgreiði honum útlagðan viðgerðakostnað með vöxtum. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér útlagðan viðgerðarkostnað með vöxtum.

**IV**

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 22. september 2015 fyrir kr. 590.000. Bifreiðin er árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar 1. september 2005. Bifreiðin var því rúmlega 10 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 88.000 þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 22. september, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert liggur fyrir um að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög

mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Álitsbeiðandi byggir hluta af kröfum sínum um riftun eða skaðabætur á því að seljandi hafi vitað af, eða mátt vita af, því að hvarfakútur bifreiðarinnar væri bilaður, en sú bilun kom upp strax eftir kaupin hinn 22. september 2015 og greiddi álitsbeiðandi samtal kr. 68.449 vegna viðgerða þar að lútandi skv. framlögðum reikningum. Bendir seljandi á, og legur fram gögn um, að bifreiðin hefði verið bilanagreind hjá umboði hinn 13. ágúst 2015, réttum 5 vikum fyrir kaupin, þar sem sömu bilunar í hvarfakút varð vart. Virðist þá hafa veirð kosið að láta „hreinsa út bilunarkóðann“ fremur en að ráðast í viðgerð á hvarfakútnum. Getur kærunefndin fallist á með álitsbeiðanda að þarna sé um að ræða atriði sem hefði átt að koma fram við kaupin og því sé bifreiðin að þessu leyti til haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna. Kærunefndin getur hins vegar ekki fallist á að útskipti á kertum, skv. reikningi dags.15. janúar sl., geti talist til galla, hvorki í skilningi b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr., né í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna, enda um að ræða hlut sem ekki er óeðlilegt að skipt sé um í 10 ára gamlli bifreið og mátti álitsbeiðandi búast við því að bifreiðinni þyrfti eitthvað viðhald. Þá liggja engin gögn fyrir um útskipti á háspennukefli bifreiðarinnar í málinu og getur nefndin því ekki tekið afstöðu til krafna álitsbeiðanda er tengjast kostnaði við viðgerð eða útskipti á þeim íhlut.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu aðallega krafist riftunar, auk skaðabóta, en til vara eingöngu skaðabóta. Kærunefndin getur ekki fallist á, eins og mál þetta er vaxið, að sá galli sem nefndin hefur fallist á að sé til staðar í málinu sé það verulegur að hann leiði til þess að heimilt sé að rifta kaupunum skv. 32. gr. laganna. Nefndin telur hins vegar að álitsbeiðandi eigi rétt til skaðabóta sk. 33. gr. vegna viðgerðar á hvarfakút og tengdum kostnaði skv. framlögðum reikningum, að fjárhæð kr. 68.449.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

**VI**

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 68.449.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson